

ÚTBOÐ

Fjallabyggð óskar eftir tilboðum í að byggja anddyri, búningsklefa og tengibyggingu við núverandi sundlaugarbyggingu og íþróttahús á Siglufirði, samtals 292,3 m² á tveimur hæðum ásamt rífi á tengigangi skv. útboðsgögnum AVH.

Verktími er frá apríl 2022 til síðla árs 2023 en sérstaklega er bent á að frávikstilboð eru heimil m.t.t. þess hvernær verkinu verði lokið.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	1.200 m ³
Steypumót	1.400 m ²
Steypustyrktarstál	10.000 kg
Steinsteypa	190 m ³
Kerfisloft	260 m ²
Málun	600 m ²
Flísalögn samtals	600 m ²

Ósk um afhendingu rafrænna útboðsgagna skal senda á netfangið avh@avh.is og verða þau afhent frá og með 8. mars n.k.

Tilboð skulu berast rafrænt á netfangið avh@avh.is fyrir kl. 13:00 þriðjudaginn 29. mars og verða tilboðin opnuð kl. 13:30 sama dag í ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska. Bjóðendum mun gefast kostur á að fylgjast með opnun tilboða á fjarfundi óski þeir þess.